

## FUNDARGERÐ HREPPSNEFNDAR

Mánudaginn 10. júlí 2006 var fundur haldinn í Hreppsnefnd Höfðahrepps kl 8<sup>00</sup> á skrifstofu hreppsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Birna Sveinsdóttir, Helena Bjarnadóttir, Jóhannes Indriðason, Guðjón Ebba Guðjónsson og Magnús B. Jónsson.

Adolf H. Berndsen, oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

### 1. Úthlutun byggðakvóta

Tekin var fyrir úthlutun byggðakvóta skv. reglum sem hreppsnefnd hafði samþykkt og sjávarútvegsráðuneytið staðfest.

Á fundi hreppsnefndar 30. maí sl. var ákveðið að veita útgerðum sem sóttu um byggðakvóta og höfðu ekki uppfyllt öll skilyrði til úthlutunar, tveggja vikna frest til að tjá sig og/eða leggja fram tilteknar upplýsingar áður en ákvörðun um afgreiðslu þeirra verði tekin fyrir. Fyrir fundinum lágu bréf til umræddra útgerða. Einnig lá fyrir fundinum svör frá eftirfarandi útgerðum:

- Frá Útgerðarfélaginu Djúpuvík ehf vegna Dagrúnar. Veittar eru fullnægjandi upplýsingar og lagður fram samningur við vinnslustöð um vinnslu byggðakvótans.
- Frá Vík útgerð ehf. vegna Auðbjargar HU 28. og vegna Katrínar HU 8. Fyrir hönd Víkur útgerðar ehf. gerir Oddgeir Einarsson hdl athugasemdir vegna fyrirhugaðrar úthlutunar á byggðakvóta 2005-2006 og mótmælir þeim sjónarmiðum sem hreppsnefnd lagði til grundvallar í bréfi til útgerðanna 31. maí sl.

Fyrir fundinum lá einnig áltisgerð Tómasar Eiríkssonar hdl. sem fjallar um athugasemdir frá Vík útgerð ehf.

Ekki höfðu borist svör eða athugasemdir frá útgerð Ólafs Magnússonar HU 54 eða útgerð Gýmis HU 21.

Hreppsnefnd samþykkti með 5 samhljóða atkvæðum svohljóðandi afgreiðslu umsókna um byggðakvóta:

- Vík útgerð ehf. vegna Auðbjargar HU 28. Úthlutun byggðakvóta hafnað á þeirri forsendu að umsóknin standist ekki 1. lið úthlutunarreglna Höfðahrepps.
- Vík útgerð ehf. vegna Katrínar HU 8. Úthlutun byggðakvóta hafnað á þeirri forsendu að umsóknin standist ekki 1. lið úthlutunarreglna Höfðahrepps
- Jökull ehf. vegna Ólafs Magnússonar HU 54. Úthlutun byggðakvóta hafnað á þeirri forsendu að ekki hafa verið lögð fram gögn skv. 3. lið úthlutunarreglna og þær skýringar sem óskað var eftir í bréfi dags. 31. maí sl.
- Gýmir HU 21 ehf. vegna Gýmis HU 21. Úthlutun byggðakvóta hafnað á þeirri forsendu að ekki hafa verið lögð fram gögn skv. 3. lið b) sem óskað var eftir í bréfi 31. maí sl. .
- Útgerðafélagið Djúpavík ehf. vegna Dagrúnar ST 12. Úthlutun byggðakvóta samþykkt í þeim hlutföllum sem gildar umsóknir gefa tilefni til.
- Vík útgerð ehf. vegna Hafrúnar HU 12. Úthlutun byggðakvóta var samþykkt á fundi hreppsnefndar 30. maí sl. og úthlutun byggðakvóta verður í þeim hlutföllum sem gildar umsóknir gefa tilefni til.

**Hreppsnefnd Höfðahrepps**  
**Fundargerðir**

- Vík útgerð ehf. vegna Öldu HU 112. Úthlutun byggðakvóta var samþykkt á fundi hreppsnefndar 30. maí sl. og úthlutun byggðakvóta verður í þeim hlutföllum sem gildar umsóknir gefa tilefni til.

Hreppsnefnd samþykkti með 5 samhljóða atkvæðum að leggja til við sjávarútvegsráðuneytið að byggðakvóta 2005 -2006 verði skipt þannig í kg. þorskígilda:

<i>Nafn útgerðar</i>	<i>Nafn báts</i>	<i>Skv. a-lið</i>	<i>Skv. b-lið</i>	<i>Samtals</i>
Djúpavík ehf	Dagrún ST 12	50.000	13.333	63.333
Vík ehf	Hafrún HU 12	50.000	13.333	63.333
Vík ehf	Alda HU 112	0	13.333	13.333
Samtals		100.000	40.000	140.000

Samþykkt var að fela sveitarstjóra að tilkynna sjávarútvegsráðuneytinu um tillögur sveitarstjórnar um úthlutanir til fyrrgreindra útgerða og jafnframt að upplýsa það um forsendur ákvarðana um höfnun til annarra umsækjenda.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 9<sup>20</sup>

Adolf H. Berndsen  
(sign)

Birna Sveinsdóttir  
(sign)

Helena Bjarnadóttir  
(sign)

Jóhannes Indriðason  
(sign)

Guðjón Ebbs Guðjónsson  
(sign)

Magnús B. Jónsson  
(sign)